

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 2. febrúar 2017 í máli nr. S-320/2016:

Ákærvaldið

(Elín Hrafnisdóttir fulltrúi)

gegn

Pálma Má Þórarinssyni

(Páll Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 1. febrúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 3. maí 2016, á hendur :

„Pálma Má Þórarinssyni, kt. 000000-0000,
[...],

fyrir eftirtalin brot:

1. Þjófnað, með því að hafa [...] 2015, í verslun [...], Reykjavík, stolið tveimur rakspírurum, samtals að verðmæti kr. 22.088.

M: 007-2015-52902

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum.

2. [...]

3. Umferðarlagabrot, með því að hafa [...] 2016 ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í þvagi fannst amfetamín) vestur [...] í Reykjavík, til móts við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: 007-2016-1183

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum.

4. Umferðarlagabrot, með því að hafa [...] 2016 ekið bifreiðinni [...] með 155 km hraða á klukkustund suður [...] í [...], til móts við [...], þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km á klukkustund.

M: 313-2016-5010.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Þann 17. maí 2016 gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út nýja ákæru á hendur ákærða:

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa [...] 2016 ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist MDMA 50 ng/ml) um [...] á [...], við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Verjandi ákærða krefst þess að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa og krefst 5 ára ökuréttindasviptingar í stað ævilangrar sviptingar ökuréttinda. Þá krefst hann málsvarnarlauna sér til handa.

Ákæra 3. maí 2016

Af hálfu ákæruvaldsins var fallið frá ákærulið 2.

Ákærði játar sök samkvæmt ákærulið 1. og 4. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt ofangreindum tölulíðum og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði neitar sök samkvæmt ákærulið 3. Hann gengst við því að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn en telur sig ekki hafa verið óhæfan til aksturs.

Verða atvik nú rakin að baki ákærulið 3. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var lögregla við almennt eftirlit í [...] er þeir sáu bifreiðina [...]. Var ákveðið að kanna ástand ökumannsins og reyndist ákærði vera þar á ferð. Ákærði kvaðst síðast hafa neytt fíkniefna um áramótin en var fús til þess að gefa þvagsýni á lögreglustöð. Þvagsýnið reyndist jákvætt fyrir AMP og THC. Í kjölfarið kom hjúkrunarfræðingur á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr ákærða.

Samkvæmt niðurstöðum matsgerðar rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá [...] 2016 fannst amfetamín í þvagsýni ákærða en ekki í mælanlegu magni í blóði. Segir í matsgerðinni að efnið sé í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði. Ökumaður teljist því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hefði verið stöðvaður í akstri og beðinn um að skila sýni. Hann hafi ekki fundið til neinna áhrifa efna umrætt sinn. Taldi hann líklegt að það sem hafi mælst hefði hafi verið vegna efna sem hann hafði neytt einhverjum vikum áður.

A, deildarstjóri hjá rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti matsgerð sína í málinu. Hún gerði grein fyrir áreiðanleika og reynslu af rannsóknum þess eðlis sem farið hefðu fram. Aðspurð af verjanda hvort einstaklingur væri líffræðilega séð undir áhrifum amfetamíns mældist það í þvagi, kvað hún ekki talað um „áhrif“ nema efni finnist í blóði. Þá kvað vitnið misjafnt hversu lengi amfetamín gæti mælst í þvagi, það færi eftir skammtastærð og hversu oft efnisins væri neytt. Alla jafna væri talað um að efni fyndist í þvagi í einn til þrjá sólarhringa.

Ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a umferðarlaga. Samkvæmt ákvæðinu nægir að efni mælist í þvagi ökumanns til þess að hann teljist vera undir áhrifum fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Í tilviki ákærða mældist amfetamín aðeins í þvagi eins og fram kemur í matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Óumdeilt er að amfetamínið greindist í þvagi ákærða í kjölfar aksturs hans þann [...] 2016.

Að ofangreindu virtu, og með vísan til skýrrar dómaframkvæmdar Hæstaréttar, er sannað að ákærði hafi brotið gegn ofangreindum ákvæðum umferðarlaga. Mat þetta er hlutlægt og er því ekki litið til þess að ákærði taldi sig vera færan um að stjórna ökutæki örugglega þrátt fyrir neysluna.

Ákæra 17. maí 2016

Ákærði játar sök samkvæmt ákæru þessari. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru

Refsíákvörðun

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 2010 hlotið refsingu fyrir ýmiss konar brot, m.a. auðgunarbrot, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Þær refsingar sem hér skipta máli er dómur Hæstaréttar frá 15. nóvember 2012 en þá var ákærði dæmdur í 2 ára fangelsi fyrir ýmiss konar brot, m.a. auðgunarbrot og brot á umferðarlögum. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 11. maí 2015 var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir þjófnað. Nú síðast var ákærði dæmdur 1. mars sl. í Héraðsdómi Austurlands í 60 daga fangelsi fyrir þjófnað. Verður litið til 255. gr. almennra hegningarlaga.

Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir eru að hluta til hegningarauki og ber að tiltaka refsingu samkvæmt 78. gr. laga nr. 19/1940. Þannig er þjófnaður samkvæmt ákærulið 1 í ákæru, frá 3. maí 2016, hegningarauki við sátt frá 7. október 2015 og dóm Héraðsdóms Austurlands frá 1. mars 2016 en brotið var

framið fyrir þann tíma er ákærða var gerð sú refsing. Við ákvörðun refsingar var til þess litið að um smáræði var að ræða og þýfið komst til skila. Þá er umferðarlagabrot ákærða samkvæmt 3. tl. ákæru í sömu ákæru hegningarauki við fyrrgreindan dóm frá 1. mars 2016. Umferðarlagabrot samkvæmt 4. tl. ákærunnar og ákæru dagsettri 17. maí 2016 eru framin eftir uppkvaðningu þess dóms. Við ákvörðun refsingar er jafnframt tekið mið af 255. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, og að virtri játningu ákærða, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Þegar litið er til sakarferils ákærða þykir ekki fært að skilorðsbinda refsinguna. Þá eru ekki efni til þess að víkja frá þeirri reglu er gildir um ökuréttindasviptingu við ítrekun öðru sinni, sbr. 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Verður ákærði því sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 189.720 krónur, og 180.481 krónu í annan sakarkostnað.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Pálmi Már Þórarinsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 189.720 krónur og 180.481 krónu í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted (sign.)